# AUGLÝSING

**um staðfestingu námsbrautarlýsinga framhaldsskóla.**

1. gr.

Mennta- og barnamálaráðherra hefur skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, staðfest eftirfarandi námsbrautarlýsingar. Staðfesting felur í sér að lýsing á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, grunnþáttum og lykilhæfni og námsmati sé í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. Staðfestingin tekur ekki til einstakra áfangalýsinga. Staðfestar námsbrautarlýsingar teljast þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 674/2011.

Skólar bera ábyrgð á að áfangalýsingar námsbrauta og kennsla falli að hæfniviðmiðum brautar og þeim ramma sem aðalnámskrá setur skólastarfi.

2. gr.

| **Heiti námsbrautar** | **Raðnúmer** |
|---|---|
| Alþjóðabraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (22-527-3-6) |
| Fiskeldistækni, haftengd auðlindatækni, hæfniþrep 3 | (22-531-3-9) |
| Gæðastjórnun, haftengd auðlindatækni, hæfniþrep 3 | (22-532-3-9) |
| Haftengd nýsköpun, haftengd auðlindatækni, hæfniþrep 3 | (22-533-3-9) |
| Náttúrufræðibraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (22-530-3-6) |
| Nýsköpunar- og listabraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (22-528-3-6) |
| Viðskiptabraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (22-529-3-6) |
| Vinnslutækni, haftengd auðlindatækni, hæfniþrep 3 | (22-534-3-9) |

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 6. júlí 2022.*

**Ásmundur Einar Daðason.**

*Erna Kristín Blöndal.*